

Siglingaklúbburinn Vogur,
Hr. Formaður Erlendur Kristjánsson
210 Garðabæ.
Netfang: arnarvogur@gmail.com

Hafnarfirði 7. apríl 2021

Efni: Flotbryggjur – Sjálandshöfn.

Heill og sæll,

Vísað er til fyrirspurnar yðar um hugsanlega uppsetningu á flotbryggju og búnaði í Sjálandshöfn í Garðabæ en eftirfarandi punktar voru lagðir fram af þinni hálfu.

- Flotbryggja(ur) með aðgengi fyrir;
 - Kænur (seglbátar)
 - Róðrabáta (kajaka)
 - Segl- og vélbáta.

Af okkar hálfu er talið að auðvelt sé að sameina tilgreindar væntingar með flotbryggju(m) sem stillt væri upp meðfram kanti framan við göngustíg (timbur) og að auki með „T“ tengdri einingu sem kæmi beint út með nýtingu á báðum hliðum. Einnig er mögulegt að koma fyrir viðlegufingrum á einingar til að ná betri nýtingu.

Reiknað er með aðgang að flotbryggju með landgang, 1.5 x 18m, sem festur yrði með stöpli sem kæmi í grjóthleðslu í hægra horni hafnarinnar (séð út yfir höfnina) en af okkar hálfu er miðað við landgang sem er hannaður fyrir aðgengi hreyfihamlaðra. Halli landgangs við lægsta sjó er rétt um 17°. Sérstök handföng eru við báðar hliðar og rásað í dekk til að auðvelda aðkomu í hjólastól(um).

Bent er á að við höfum sett um 4 landganga sömu gerðar í Reykjavíkurhöfn sem allir voru teknir út og skráðir af Lloyd 's.

Til samanburðar fylgir og verð í léttari landganga 1.5 x 12m

Röskun lands við uppsetningu og frágang landgangs og flotbryggju yrði í lágmarki þar sem einungis þaf að ganga frá landstöpli í steinahleðslu en festingar fyrir flotbryggju(r) yrði með línunum úr ofurtógi í steipt fótstykki undir stólpum undir timburgangveg. Ein lína yrði í hvert fótstykki til að dreifa álagi vegna úttogs. Flotbryggju er haldið í stöðu með sérstöku teygjum (SEAFLEX®) út í 5 tonna steyphtar botnfestur.

Einingar og stærðir:

Flotbryggjur:

Steinsteyptar einingar SF 1030 20 W200 frá SF Marina AB í Svíþjóð.

Lengd – 20m, Breidd – 3.0m, Hæð – 1.0m, Fríborð 0.5m +/- 0.05m

Landgangur:

Heithúðað stál með timbur eða rífluðu málmdekki;

A) **1.5 x 18m með upb 17° halla** við neðsta sjó en landgangur er gerður til að mæta kröfum um aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Dekk er með rásun fyrir hjólastóla og tvöfalt handrið, hið neðra upb. í 0.7m hæð. Aðgengi við enda er með „sliskjum“ sem taka af þrep við efri og neðri enda.

B) 1.5 x 12m sem nær ekki kröfum vegna hreyfihömlunar. Val er um dekk úr timbri eða rífluðu stáli. Efri endi landgangs er með „sliskju“ en þrep við neðri enda.

Annar búnaður:

Á flotbryggjum er(u):

Festi-pollar

Pípur fyrir hugsanlegt rafmagn og/eða vatn

Kantlistar til varnar nuddi báta og kæna

Val er um palla til að auðvelda aðgengi fyrir „kajakræðara“ eða kænur.

Verðáætlun (íglidi tilboðs):

2 flotbryggjur SF 1030 20 W200 með landi – samtals 40m

Uppsetning og frágangur

Heildarverð kr. 29.770.000 án VSK kr. 36.948.000 m/VSK

3ja eining 20 x 3m með „T“ tengingu:

Verðauki kr. 7.200.000 án VSK kr. 8.928.000 m/VSK

Allur búnaður vegna uppsetningar svo sem landstöpull, upphengur og stýringar við landgang(a), botnfestur, festipollar ásamt 1 aðgangspalli fyrir kajakræðara er innifalinn í verði.

Inni í verðtilboði er einni dýptarskönnun á höfninni þar sem innsti hluti sem kæmi undir enda flotbryggju er mjög grunnur og gæti þurft lagfæringar við.

Ef áætlun okkar (ígildi tilboðs) er áhugaverð að yðar mati munum við skila nánari listun á búnaði og framkvæmd.

Verkáætlun:

Ef til samninga kemur er verkáætlun eftirfarandi þó byggð á að staðfest pöntun á einingu(m) liggi fyrir eigi síðar en 10. maí n.k.

Vika(ur) frá staðfestri pöntun:

Vika 3	framleiðslu lokið í Svíþjóð
	Landstöpull tilbúinn til frágangs
Vika 4 – 5	Einingar og landgangur tilbúin til uppsetningar
Vika 5 – 6	Uppsetningu og frágangi lokið.

Þess er vænst að tilboð okkar sé áhugavert og til samninga komi.

Með bestu kveðjum,
Helgi Hinriksson og Kristján Óli Hjaltason.

Aðstöðuteikningar má sjá hér fyrir neðan.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Dags.	2021_03_24	GARÐABÆR	
Teiknað	KOH	HÖFNIN SJÁLANDI	
		YFIRLITSMYND_A	
		Skráarnafni: 2020_november_Drög.dwg	
 Króli ehf. Strandvegur 2, 210 Garðabær. S: 690 1155 www.kroli.is , kroli@kroli.is		Útg. Blað	A3

